



Pési

ATH!! Næsti Pési kemur út
í jan. Efni þarf að berast í
síðasta lagi 5.jan

JÓLA OG ÁRAMÓTAKVEÐJA.

*Sendum íbúum
Hrunamannahrepps,
sumarhúsaeigendum og öllum
viðskiptavinum
nær og fjær,
hugheilar jóla og nýárskveðjur
með þakklæti fyrir árið sem er að
líða.*

*Sveitarstjórn og starfsfólk
Hrunamannahrepps*



des 2017
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

27. árgangur.
321 tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

Þá er desember genginn í garð og jólin framundan. Jólahátíðin er hátíð ljósa og gleði en við skulum samt muna eftir okkar minnstu bræðrum og systur, bæði á Íslandi og í öðrum löndum, því víða eru þrengingar.

Núna í byrjun desember afgreiðir sveitarstjórn fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 sem og árána 2019-2021 sem er stærsta ákvörðun hverrar sveitarstjórnar að leggja línurnar og ákveða þau verkefni sem farið verður í. Eins og staðan er núna og ef ekkert óvænt kemur upp, þá er gert ráð fyrir að hagnaður af rekstri sveitarfélagsins verði töluverður. Það leiðir þá vonandi til þess að hægt sé að fjármagna rekstur og fjárfestingar ársins 2018 án verulegrar lántöku sem skiptir miklu máli. Vonandi verða aðstæður hagfelldar, hófleg verðbólga og stöðugleiki almennt í samfélaginu og pólitíkinni líka sem hjálpar alltaf til í okkar vinnu.

Nú hefst samt vinnan hjá okkur að hrinda þeim áformum í framkvæmd sem fyrirhugaðar eru í fjárhagsáætluninni en stærsta verkefnið er lagning ljósleiðarans og síðan fráveituframkvæmdir og bygging lítillrar hreinsistöðvar fyrir neðan félagsheimilið. Síðan náum við vonandi að puða aðeins í gatnaframkvæmdum bæði í Vesturbrún og Iðjuhlóð. Síðan liggja fyrir fjölmörg önnur verkefni í viðhaldi og smærri fjárfestingar sem vonandi setja svip á samfélagið.

Þá er einnig mikilvægt að friður ríki á vinnumarkaði og ásættanleg niðurstaða náist fyrir alla þar, sem eftir á að semja um kaup og kjör. Við höfum verið í góðæri og vonandi tekst okkur að sigla því áfram þó víst sé að einhverjar sveiflur verði hjá okkur eins og alltaf. Þá verður vonandi líka pólitískur stöðuleiki og ný ríkisstjórn standi sig í því að vinna fyrir alla landsmenn, Íslandi til heilla. Sem betur fer tók það ekki of langan tíma að mynda nýja ríkisstjórn en það er sögulegt og vonandi til framdráttar að ólíkir flokkar geti unnið saman fyrir þjóðina. Hins vegar er ljós að það bíður okkur sveitarfélagana út á landi heilmikil hagsmunabaráttu til að gæta hagsmuna fólksins sem hér býr en vonandi næst góður tónn í það samtal.

Hvað varðar það samtal þá skilaði hópur sem fjallaði um kosti og galla þess að sameina alla Árnessýslu í eitt sveitarfélag skýrslu um verkefnið sitt en KPMG var fengið til verksins. Þó bæði sveitarstjórn Hrunamannahrepps, sem og önnur sveitarfélög í Árnessýslu, hafi ekki tekið miklar ákvaðanir í kjölfar vinnunnar þá er ljóst að þessi vinna mun nýtast í framtíðinni. Ég tel það líklegt að þessi sveitarfélög eða hluti þeirra muni sameinast á komandi árum og aðalástæðan er sú að það er alltaf að verða flóknara að reka sveitarfélag og uppfylla formkröfur og sinna hagsmunagæslu fyrir minni sveitarfélög.

Nú liggur fyrir niðurstaða í útboði Fjarskiptasjóðs vegna styrks vegna ljósleiðaratenginga á árinu 2018. Því miður fékk Hrunamannahreppur ekki úthlutað styrk fyrir næsta ár en helsta ástæða þess er sú að þessi 1/3 hluti tenginga hjá okkur er töluvert dýrari í framkvæmd en sá hluti sem við fengum styrk fyrir á árinu 2017. Önnur sveitarfélög gátu því boðið betur í þetta skiptið en Flóahreppur og Grímsnes- og Grafningshreppur tóku nær allt fjármagnið sem stóð til boða á Suðurlandi. Þó maður óski þeim sveitarfélögum sem fengu styrk alls hins besta verður að segjast að það er frekar svekkjandi að geta ekki klárað hálfklárað verk en úthlutunarregluverkið virkar hins vegar svona. Hins vegar munum við eflaust taka það til skoðunar að sjá hvort við höfum fjármagn til að „klára“ að leggja kerfið og gera klárt til tengingar á árinu 2018 og fá þá styrk vegna ársins 2019 og geta tengt strax á því ári. Kerfið virkar líka þannig að þú færð ekki styrk ef viðkomandi er þegar tengdur en góðu fréttirnar gætu þó verið þær að meiri líkur eru á að fá hærri styrk úr Fjarskiptasjóði eftir því sem færri eru í pottinum og okkur finnst heldur ekki réttlátt að samfélagið hér í sveit sé að borga of mikið með verkefninu. Þetta á allt eftir að koma í ljós en við munum að sjálfsögðu láta Hrunaljós skína á næsta ári og gera allt klárt sem við getum gert klárt.

Síðan liggur fyrir að Skipulagsstofun hefur samþykkt að staðfesta endurskoðað aðalskipulag Hrunamannahrepps fyrir árin 2016-2032 og því hægt að fara að klára gildistöku þess. Þetta hefur verið langt og strangt ferli og tekið miklu lengri tíma en við ætluðum og höfum við ekki verið sátt með afstöðu og vinnubrögð Skipulagsstofnunar í þessu máli. Gildistakan hefur hins vegar þau áhrif að við getum haldið áfram með mörg skipulagsverkefni sem eru afar brýn, t.d. klárað deiliskipulagsvinnuna í Gröf. Þá hefur einnig sameiginleg lögreglusamþykkt fyrir Suðurland tekið gildi og auðveldar það bæði samræmingu í vinnu lögreglu og sveitarfélaga við að bregðast við ýmsum aðstæðum sem skort hefur heimildir til að taka á, t.d. vegna ferðamanna o.fl.

Varðandi starfsmannamál þá eru að verða breytingar hjá sveitarfélaginu. Guðrún Hermannsdóttir, launafulltrúi og Stefán Arngrímsson, forstöðumaður félagsheimilisins með meiru munu láta af störfum um áramótin vegna aldurs en þau hafa skilað miklu og góðu starfi fyrir sveitarfélagið í gegnum árin og áratugin. Vil ég þakka þeim fyrir einstaklega góð kynni og gott samstarf í gegn um tíðina. Síðan er búið að ráða Sigrúnu Guðlaugsdóttur í starf launafulltrúa og forstöðumanns félagsheimilisins og er hún samkvæmt því tveggja manna maki. Raunin er reyndar sú að í leiðinni voru gerðar ákveðnar breytingar á starfshlutföllum og útfærslu starfanna sem gera þetta kleift. Vil ég bjóða hana velkomna til starfa.

Ég vil í tilefni „jólahreingerninga“ hvetja alla til að flokka vel úrgang sem fólk kemur með upp á gámasvæðið á Flúðum og bendi atvinnulífinu á að nota gámasvæðið en ekki grenndargáma sem hugsaðir eru frekar fyrir gesti og gangandi. Sérstaklega vil ég benda fólki á setja eingöngu nothæfa nytjahluti í nytjagáminn en ekki þá sem eru orðnir ónýtir því þá þarf að henda þeim í gám fyrir grófan úrgang með tilheyrandi tvíverknaði. Þá vil ég minna á að allur jólapappír má fara í blátunnuna.

Í tilefni jólahátíðarinnar vil ég minna fólk á að athuga með reykskynjara og slökkvitæki í hýbýlum sínum. Endilega prófið því reykskynjara og athugið með dagsetningar á skoðun slökkvitækja. Hægt er að fara með slökkvitækin í yfirhalingu niður á Selfoss m.a. til Slökkvitækjapjónustu Brunavarna Árnessýslu og fá rafhlöður hjá þeim í reykskynjara sér að kostnaðarlausu.

Varðandi jólin minni ég á að áramótabrenna verður á Flúðum og „þrettándabrenna“ og flugeldasýning Björgunarfélagsins Eyvindar verður væntanlega laugardaginn 6. janúar 2018 og núna því á sjálfum þrettándanum. Ég vil hvetja alla til að njóta aðventunnar með fjölskyldunni og upplifa hinn rétta jólaanda. Að lokum vil ég sérstaklega þakka öllu starfsfólki Hrunmannahrepps fyrir góð störf á árinu og sendi íbúum og gestum sveitarfélagsins mínar bestu jóla- og áramótakveðjur.

Eigum góð og gleðileg jól saman.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri



80
STAÐIR
UM LAND ALLT

E **EIMSKIP**
Flytjandi



ÞARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.

Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.

Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning eða reglubundna flutningsþjónustu.

E **EIMSKIP**
Flytjandi

Háheiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is



Litla Melabúðin

FARMERS MARKET

Opið alla daga milli kl. 13:00-17:00
Open daily 1pm-5pm



Vörur úr
heimabyggð.

Locally grown
Locally owned

Beint frá bjóli

Grænmeti, kryddjurtir,
holdanautakjöt, eldis-
silungur, heimagerðar
sultur og flatkökur,
Arna laktósafriar
mjólkurvörur og margt
fleira.

Vegetables, herbs,
Angus beef, brown
trout, homemade jams
and flatbreads, Arna
lactose free dairy and
variety of other
products.

Melum, Flúðum

@litlamelabudin

Hirunamannahrepp

www.facebook.com/litlamelabudin/



Samkaup strax

Flúðum

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 09:00–19:00

Laugardaga: 10:00–19:00

Sunnudaga: 11:00–18:00

Sími: 486 6633



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is



TAXI á svæðinu sem mun þjónusta
Grímsnesið, Bláskógabyggð, Hrunamannahr og Skeiða
og Gnúpverjahr.

Og allar sumarbústaðabyggðir á þessum svæðum eftir
bestu getu.

TAXI DRIVER

Sími: 7760810 & 7831224

Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN
fontana
Hölsulind frá landnámi

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **432-2770.**
Aðalnúmer Heilbrigðisstofnunar á Selfossi 432-2000

VIOLA snyrtistofa
Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –

Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímáptanir í Síma 856-1599



Hár-Hrun

Klippir í Félagshéimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími .

Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00

Föstudaga: 09:00-12:00

LOKAD: 2. janúar 2018



Fótaaðgerðarstofan Heimalandi auglýsir!

ATH næst verður opið: 7, 14 og 21 des
(Félagar í Félagi eldri Hrunamanna fá afslátt (5.500))

Tímáptanir í síma: 863 0433

Allir velkomnir

Sólveig Jóhannsdóttir Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



Menningarklasi uppveita Árnessýslu

Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

www.upplit.is –allir velkomnir

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabil 773-1626

Nesfrakt

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufraeðingur

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is



RAFMAGNSVERKSTÆÐI JENS OG RÓBERTS

**TÖKUM AÐ OKKUR:
ALLA ALMENNA
RAFVIRKJAPJÓNUSTU**



**SJÁUM UM TEIKNINGU
OG HÖNNUN
RAFLAGNA**

JENS PÉTUR JÓHANSSON
893-7101
RAFJENS@EYJAR.IS

**SMÆRRI JAFNT SEM
STÆRRI VERKEFNI.**

RÓBERT EINAR JENSSON
899-9554
ROBBIRAF@SIMNET.IS



Hreppamaðurinn.

Hreppamaður heitir blað
hendingar og ræður.
Kæru vinir kaupid það
konur, menn og bræður.

Öll 12 rit Bjarna Guðmundssonar frá Hörgsholti eru til
sölu í Þverspýrnu á 4000 kr. öll ritin.

Á jólatilboði.

Allur ágóði fer til líknarmála.

Verið velkomin.

Guðrún Þorsteinsdóttir Þverspýrnu.

Sími: 486 6735





Öll almenn smíðavinna,
nýsmíði, viðhald og viðgerðir
sími: 888-1975/865-7499

Kertaljósatónleikar í Hrunakirkju

Þann 29. desember 2017 kl. 20:30.

Komið saman og eigið notalega samverustund í fallegu kirkjunni okkar með þægilegri tónlist í góðum félagsskap. Aðgangur er ókeypis en við hvetjum ykkur til að koma með nokkrar auka krónur sem renna í "Sjóðinn Góða". Sjóðurinn er til handa þeim fjölskyldum sem þurfa aðstoð yfir hátíðirnar. Að sjóðnum standa Rauði krossinn,

Kvenfélögin, Lions, sóknir þjóðkirkjunnar og fleiri aðilar sem sinna líknarmálum og félagslegri aðstoð í Árnessýslu.

Hljómsveitina skipa:

Árni Þór Hilmarsson

Björn Hr. Björnsson

Ester Ágústa Guðmundsdóttir

Gréta Gísladóttir

Karl Hallgrímsson



Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.


Starfsmaður Slökkvitækjapjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.



Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi
í síma 4-800-900 eða á slokkvitaeki@babubabu.is

Nudd - Massage

Nú er í boði
endurnærandi heilnudd
og Bowen meðferð í
Bergholti - Kistuholti 3,
Reykholti á mánudögum
og þriðjudögum.
Tímabókanir og nánari
upplýsingar má finna á
facebook síðunni minni:
NG ehf



<https://www.facebook.com/NGBowenognudd/>

og í síma 8976944.

Nils G. – Bowentæknir og nuddari.

Now you can get full body massage and Bowen technic treatment in Bergholt - Kistuholti 3, Reykholt. You can find online booking and more information on my facebook page: NG ehf <https://www.facebook.com/NGBowenognudd/>

Nils G. tel: 8976944

nilsgudjon@gmail.com



Jólagjöfin í ár er komin!

Körfuboltadeild Hrunamanna er að setja í sölu þessar glæsilegu derhúfur og að öllum líkindum verða þær afhentar fyrir jól. Húfan kostar aðeins **4000 krónur** og rennur andvirði sölu hennar beint til körfuknattleiksdeildar Hrunamanna þar sem tvö glæsileg fyrirtæki fjármögnuðu kaupin á húfunni.

Flúðasveppir Farmers bistro og kúabú Boga og Svövu í Birtingaholti styrktu kaupin með myndarlegum hætti. Við þökkum þeim kærlega fyrir þennan glæsilega stuðning.

Hægt er að panta húfurnar nú þegar með því að senda tölvupóst á netfangið umfhkarfa@gmail.com.



Takmarkað magn - fyrstir koma - fyrstir fá!

Kæru sveitungar

Þorrablót Kvenfélagsins verður haldið 3. febrúar 2018,
takið daginn frá.

Nánar auglýst síðar



Hvatagreiðslur!

Frestur til að skila inn umsókn um hvatagreiðslur er framlengdur
til 15. des . Eftir það er ekki hægt að sækja um fyrir haustönn.



Verið velkomin í Gamla
fjósið í Hruna, opna
vinnustofu Grétu
Gísladóttur í desember.

Nánari upplýsingar á
Facebook eða í
síma 867 7388
Málverk, eftirprentanir og
jólakort.

Verið velkomin!

Ný heimasíða: gretagisla.is





Bridgefélagið hélt upp á 50 árin með velheppnuðu afmælistóti sem var býsna sterkt þar sem landsliðs menn heiðruðu okkur, hart var barist og skildi lítið á milli. Efstir urðu Kristján Már Gunnarsson og Gunnlaugur Sævarsson öðru sæti urðu Gunnlaugur Karlsson og Ásmundur Örnólfsson og þriðja hrepptu þeir Gísli Þórarinsson og Höskuldur Gunnarsson, heimamenn stóðu sig með mikilli þrýði. Viljum við þakka kvenfélagskonunum fyrir æðislegar veitingar og svo er að þakka LÍMTRÉ fyrir frábæran stuðning, og HÓTEL FLÚÐUM, KAFFI GRUND OG SECRET LAGOON fyrir vegleg verðlaun sem þau gáfu og svo ber að þakka sveitarfélaginu fyrir veittan stuðning. Með kveðju, Stebbi



Sími 899-2910 www.pizzavagninn.is
Desember 2017



Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
30. nóv	1. des Árnes 18:00-20:30	2. des Reykholt 18-21
7. des Laugarvatn 18:00-20:30	8. des Flúðir 18-21	9. des Borg 18:00-20:30
14. des	15. des Brautarholt 18:00-20:30	16. des Reykholt 18-21
21. des	22. des Jólafrí	23. des Jólafrí



Sími 899-2910 www.pizzavagninn.is
Janúar 2018



Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
4. jan	5. jan Flúðir 18-21	6. jan Borg 18:00-20:30
11. jan Laugarvatn 18:00-20:30	12. jan Brautarholt 18:00-20:30	13. jan Reykholt 18-21
18. jan Lokað þessa viku Erum í endurbótum	19. jan Þorablót lokað í dag	20. jan Lokað þessa viku Erum í endurbótum
25. jan Laugarvatn 18:00-20:30	26. jan Árnes 18:00-20:30	27. jan Reykholt 18-21



**Bíla- og
smáflutningar
8917772**



Jóla­kveðja



Kaffi-Sel sendir öllum viðskiptavinum sínum ósk um gleðileg jól og farsælt komandi ár með þökk fyrir árið sem er að líða. Við erum komin í jólafrí, en minnum á að hægt er að panta fyrir hópa, miðað við 10 manns að lágmarki.

Með hátíðarkveðju

Starfsfólk Kaffi-Sels

Símar: 486-6454/846-9321/661-5935

Netfang: info@kaffisel.is





Jólatrésala Björgunarfélagsins Eyvindar

Okkar árlega jólatrésala verður í húsnæði félagsins að Smiðjustíg 8 á Flúðum 9. og 10.des.

Jólatrésalan verður opin frá kl 13:00 til kl 20:00 laugardaginn 9.desember og frá kl 13:00 til kl 18:00 sunnudaginn 10.desember.

Allar helstu tegundir í boði.

Hlökkum til að sjá ykkur, heitt kaffi á könnunni.

Með jólakveðju Björgunarfélagið Eyvindur

Steinsöggun

Tek að mér steinsöggun í uppsveitum Árnessýslu, get sagað allt að 27 cm.

Verð og aðrar upplýsingar veitir Kristján Valur í síma: 8657158



Firmakeppni í körfubolta

Laugardaginn 30. desember í íþróttahúsinu

Kl. 10.30-12.00 - 6-16 ára, 1.-10. bekkur – Mæta á staðinn, ekki búa til lið því við skiptum í lið með því að draga

keppendur saman og teljum svo saman stigin í lokin.

Kl. 13.00-15.30 – 16 ára og eldri - 4 og 4 saman í liði keppt í bæði karla- og kvennaflokkum og eru kvennalið sérstaklega hvött til þess að mæta til leiks. Mótaplanið er búið til á staðnum og fer eftir þátttöku. Ef einhver er ekki komin í lið þá er um að gera að mæta á svæðið því oft eru búin til lið á staðnum eða þá að liðum veitir ekki af varamanni/mönnum á bekkinn.

Þeim fyrirtækjum sem styrkt hafa keppnina undanfarin ár er þakkaður stuðningurinn og vonast körfuknattleiksdeildin eftir áframhaldandi stuðning þeirra í þessu móti.



Hjónaball 2018 verður haldið þann 3 mars, takið daginn frá og nóttina líka.





HRUNAPRESTAKALL

Helgihald um jól og áramót

24. desember - aðfangadagur: Guðsþjónusta á aðfangadagskvöld í *Ólafsvallakirkju kl. 23.*

25. desember - jóladagur: Hátíðarmessur. *Hrepphólakirkja kl. 11* og ljósaguðsþjónusta á jóladagskvöld í *Hrunakirkju kl. 22.* Kirkjan lýst upp með kertaljósum.

31. desember - gamlársdagur Guðsþjónusta í *Tungufellskirkju kl. 14:30.*

3. janúar – fyrsti sunnudagur í nýári: Nýármessa í *Hrepphólakirkju kl. 11.* Þjóðlegur hádegisverður á eftir.

Athugið: Þar sem framkvæmdum í Stóra-Núpskirkju er enn ekki lokið, falla niður áður auglýstar messur þar, bæði á jóladag og á gamlársdag. Bent er á messur í nágrannakirkjum.

Sjáumst í kirkjunum um hátíðarnar. Guð gefi okkur góða adventu og gleðileg jól.

Óskar Hafsteinn Óskarsson
sóknarprestur



Sundlaugin á Flúðum. Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00

Jól og áramót: 23—26. des og gamlárstag og nýársdag LOKAÐ



Tækjasalur í Íþróttahúsi. Opnunartími

Mánudaga til fimmtudaga 16.00-21:30, föstudaga: 13:00-18:00

Tækjasalur er opinn um helgar þegar mót eru í húsinu:

Fylgist með á facebook!

Jól og áramót:

21des: 17:00-21:30

22.des: 13.00-18.00.

23—26. des og gamlárstag og nýársdag LOKAÐ

27-28. des: 17:00-21:30

29: 13:00-18.00

30.des verður firmakeppni í körfu og því verður tækjasalurinn opinn 12.00-15.00.

2. jan: 17:00-21:30

3. jan: hefðbundin opnun



*Okkar bestu óskir um Gleðileg Jól og farsælt komandi ár við þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.
Hótel Flúðir
Margrét og Guðmundur .*



Kæru viðskiptavinir !

Litla-Melabúðin á Flúðum er í jólaskapi alla jólaföstuna þar er margt í boði enn..

- ❖ Laugardaginn 16. desember næstkomandi verður extra mikið jólastuð í búðinni hjá okkur
- ❖ Við höldum áfram að bjóða upp á gott tilboð af grænmeti og kjöti
- ❖ Þennan dag ætlum við að vera með ferskar holdanautasteikur sem er tilvalið að nota um jól og áramót.
- ❖ Við verðum með kynningu og smakk á lambahangilæri sem Kjöt frá Koti er að gera tilraun með að framleiða og selja
- ❖ Við verðum með allt ferska grænmetið sem við eigum, sýnishorn af grænmetiskörfum sem hægt er að panta fyrir jólin og er tilvalinn jólapakki. Einnig er hægt að kaupa gjafabréf sem kjöt frá koti býður upp á, sem er góð jólagjöf.
- ❖ Við verðum líka með kjöt/grænmetis jólasúpu smakk, jólaglög og margt fleira
- ❖ Þetta verður sannkallað jólafjör sem þið megið ekki láta fram hjá ykkur fara
- ❖ Opið er frá kl. 13:00 og meðan byrgðir endast..



Frá Félagi eldri Hrunamanna

Seinasti þriðjudagur í kjallara Heimalands fyrir jól verður 12. desember. Kór yngri barna í Flúðaskóla kemur kl. 14:30 og syngur fyrir okkur. Kaffi í boði kjallarans.

.....OOO.....

Bókmenntaklúbburinn hefur fund fimmtudaginn 14. des. kl. 11.
.....OOO.....

Njáls saga og starfið í kjallaranum á Heimalandi hefst aftur á nýju ári þriðjudaginn 9. janúar.OOO.....

Opið hús verður í Félagsheimilinu miðvikud. 15. janúar. Þá verður spiluð félagsvist.OOO.....

Árshátíð félagsins verður haldin sunnudagskvöldið 11. mars. Takið daginn frá.

.....OOO.....



Kæru félagar!

Við óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum ykkur góðar samverustundir á árinu sem er að líða.

Bestu kveðjur, stjórnin



Barnaball
Barnaballið verður föstudaginn 29. desember kl 14 í Félagsheimili Hrunamanna.



Leikskólafréttir

Desember er genginn í garð með jólaljósum og gleði. Hér á leikskólanum leggjum við áherslu á að undirbúningur fyrir jólin sé á rólegu nótonum.

Börnin er búin að fönðra jólagjafir handa pabba og mömmu, sr. Óskar kemur og segir okkur sögur og syngur með okkur nokkra daga í desember, foreldrafélagið kveikti á seríu á jólatrénu í garðinum og gluggar leikskólans hafa verið skreyttir með listaverkum barnanna



Fyrir hádegismat er söngstund á öllum deildum og eftir mat er hvíld og síðan útivera eða hópastarf. Eftir kaffi er svo frjáls leikur.

Foreldrafélagið gaf okkur pening í vor og fyrir þann pening keyptum við hlaupahjól og svo þegar snjórinn kom voru keyptir nokkrir sleðar og þotur. Það er alltaf gaman að fá nýtt dót og við þökkum foreldrafélaginu kærlega fyrir.

og ljósum. Hefðbundinn dagur hér á leikskólanum hefst með frjálsum leik og að honum loknum er ávaxtastund. Þegar allir eru orðnir mettir er ýmist farið út í leik eða í önnur verk, misjafnt eftir dögum. Þannig eru málörvunarstundir-þar sem Lubbi kemur í heimsókn, farið í íþróttahús, myndlist, útikennsla og hópastarf.



Á degi íslenskrar tungu skunduðum við í búðina og sungum fyrir þá sem voru í tíu kaffi og elstu börnin fóru á árlegt skákmót, á vegum Flúðaskóla-Halldórsmótið, í félagsheimilinu.

Í byrjun desember bökkum við piparkökur og þá eru pabbi og mamma velkomin að taka þátt, við verðum með jólaball 20. desember, foreldrafélagið býður

tveimur elstu deildunum upp á leiksýningu sem þetta árið er Pönnukakan hennar Grýlu. Svo njótum við góða veðursins, syngjum og eigum góðar stundir saman.

Starfsfólk leikskólans þakkar fyrir samveruna á árinu sem er að líða og óskar sveitungum, nær og fjær, gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. F.h. starfsfólks Undarlands

Ingibjörg leikskólastjóri



BRENNUR!

Áramótabrenna verður á tjaldsvæðinu
á Flúðum gamlársgl. kl. 20:30.

Prettándabrenna verður á sama stað

6. janúar 2018 kl. 20:00.



Íþróttahornið – af starfi UMFH

Körfubolti

Æfingahópar fyrir yngri landslið í körfuknattleik, 15-18 ára, voru tilkynntir 1. desember. Hrunamenn eiga þar nokkra fulltrúa og óhætt að óska þeim öllum innilega til hamingju. Það er mikill heiður að vera valinn til æfinga hjá landsliðum og eitthvað sem gerist ekki af sjálfu sér. Þar liggur að baki mikil vinna hjá iðkendum, aðstandendum, stjórnarfólki og þjálfurum.

Þeir sem voru valdir til æfinga milli jóla og nýárs:

Una Bóel Jónsdóttir var valinn í æfingahóp fyrir u-15 ára landslið stúlkna.

Aron Ernir Ragnarsson, Dagur Úlfarsson, Eyþór Orri Árnason og Páll Magnús Unnsteinsson voru allir valdir í æfingahóp fyrir u-15 ára landslið drengja en við þetta má bæta að Ísak Júlíus Perdue, liðsfélagi strákanna úr Þór Þorlákshöfn var einnig valinn í hópinn.

Margrét Lilja Thorsteinson og Perla María Karlsdóttir voru valdar í æfingahóp fyrir u-16 ára landslið stúlkna og einnig þær Gígja Marín Þorsteinsdóttir og Helga Sóley Heiðarsdóttir liðsfélagar stúlkna úr Hamri.

Birgit Ósk Snorradóttir, sem nú leikur með Breiðablik en fékk sitt körfuboltauppeldi hjá Hrunamönnum, var valinn í æfingahóp u-18 ára landsliðs stúlkna.

Þá eigum við einnig fulltrúa í þjálfarasveit liðsins því Árni Þór Hilmarsson þjálfar u-16 ára lið stúlkna og aðstoðarþjálfari hans er Heiðrún Kristmundsdóttir, fyrrverandi leikmaður Hrunamanna.

Það verður gaman að fylgjast með framhaldinu hjá þessum flottu íþróttamönnum og gott fyrir yngri iðkendur okkar að þeim eru allir vegir færir.

Fjöldmörg lið Hrunamanna hafa verið að keppa í haust og mörg hver verið að gera það mjög gott. Það má geta þess að 9. flokkur karla er kominn í undanúrslit í bikar eftir tvo góða sigra gegn Snæfelli og Grindavík og stúlkur í 10. flokki eru komnar í 8-liða úrslit eftir sigur á KR.

Frjálsar íþróttir

Það hefur heldur betur verið uppgangur í frjálsíþróttastarfinu á síðastliðnum árum og gaman að segja frá því að það sér ekki fyrir endann á þeim glæsilega árangri sem verið er að ná þar. .

En á dögnum mættu 14 iðkendur á aldrinum 11-16 ára á Silfurleika ÍR og 12 iðkendur á Gaflarann hjá FH. Alls fóru okkar keppendur 22 sinnum á verðlaunapall á þessum mótum og eflaust prýða þeir góðmálmar sem voru til verðlauna ýmis unglingsherbergi í uppsveitunum um þessar mundirki nóg með þessa verðlaunasöfnun heldur var nánast hver einasti iðkandi að setja persónulegt met en það er auðvitað stærsti sigurinn. Þá er gaman að segja frá því að 6 iðkendur 8 ára og yngri tóku þátt í þrautabraut á Gaflaranum og stóðu þau sig auðvitað með miklum sóma.

Blak

Karlalið Hrunamanna mætti Keflavík á heimavelli í forkeppni bikarkeppni BLÍ á dögnum og unnu öruggan 3-0 sigur. Liðið dróst gegn Laugdælum í næstu umferð og aftur verður um heimaleik að ræða. Leiknum á að vera lokið fyrir 12. janúar.

Stelpurnar í blakinu gerðu það gott á Íslandsmótinu á dögnum og urðu í 2.sæti í sínum riðli í 5.deild. Næsta umferð hjá þeim fer fram á heimavelli 13.-14.janúar en þá fyllist sveitin af blökurum þar sem 2.umferð í 5. og 6.deild Íslandsmótsins verður haldin á Flúðum.

Þá má bæta því við að fyrri umferð HSK móts kvenna fór fram á Hvolsvelli mánudaginn 27.nóvember. Sökum fjölda leikmanna tefldu Hrunakonur fram tveimur liðum. Að þessu sinni var aldursskipt í lið og sýndu stelpurnar góð tilþrif. Þær yngri mættu sprækar til leiks og lögðu bæði Laugdæli og Dímon/Heklu 1 en þessi lið hafa Hrunakonur ekki sigrað áður. Það virtist þó allur vindur úr liðinu í lokaleikum gegn Dímon/Heklu 2 en sá leikur tapaðist. Þær eldri voru aðeins seinni í gang í sínum leikjum en unnu þó lokaleikinn mjög örugglega gegn Hamri 2. Fyrri umferð í HSK karla fer fram á Laugarvatni fimmtudaginn 7.desember á Laugarvatni.

Íþróttaskóli, fimleikar og knattspyrna

Hjá Íþróttaskólanum, fimleikadeildinni og knattspyrnudeildinni hefur verið líf og fjör á æfingum en ákveðið að halda mótahaldi í lágmarki um sinn í það minnsta. Þar er þó mikill áhugi og við hjá Umf. Hrunamanna heppin með áhugasama og fórnfúsa þjálfara þar eins og í öðrum greinum.



BÓKASAFN

Frá Bókafni Hrunamanna



BÓKASAFN

Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár. Þökkum góðar stundir og ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða.

Nú er mikið af nýjum bókum á bókafninu fyrir alla aldurshópa svo það er um að gera að kíkja á hvað bíður í hillunum.

Verið öll hjartanlega velkomin.

Bókafnið er opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18


Munið skilalúguna ☺

Með jólakveðju,
Bókafn Hrunamanna
Félagsheimilinu
Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Nú er bókafnið einnig á Facebook



Skoðunarferð með Landgræðslunni,- í landgræðslugirðingunni á Hrunamannaafretti.





Starfsfólki og Eigendum Flúðasveppa Farmers Bistro langar að óska öllum gleðilegra jóla og bjóða ykkur að kveðja árið með okkur laugardaginn 30. desember.

**“Kveðjum árið 2017 á Farmers Bistro”
Laugardaginn 30. Desember verður opið frá
12:00 – 23:00**

Tilboð

Frá 12:00 – 19:30

Farmers Bistro sveppasúpan hin eina sanna

Kraftmikil, krassandi og kærleiksrik

*Súpan eru borin fram á hlaðborði með nýbökuðu brauði ásamt smjöri,
sveppasmjöri og papprikuljufmeti*

+

Gulrótarkaka

Gulrótarkaka með njómaostakremi og gulrótar gljóa

2900 kr

Bjór smökkun

Frá 20:00 - 21:00 (endilega mæta tímanlega)

Ölvisholt Brugghús kemur og ætlar að kynna sína flottustu bjóra Ölvisholt Brugghús er handverksbrugghús staðsett rétt fyrir utan Seifoss. Bruggmeistari þeirra leggur metnað sinn í að brugga gæðabjóra úr úrvals hráefni

Tónleikar

Frá 21:00

Stór hjómsveit Hrunamanna ætlar að vera með glæsilega tónleika

Hjómsveitina skipa:

Árni Þór Hilmarrsson

Björn Hr. Björnsson

Ester Ágústa Guðmundsdóttir

Gréta Gísladóttir

Karl Hallgrímsson



Björgunarfélagið Eyvindur verður með flugeldasýningu um kvöldið

Soroptimista klúbbur suðurlands verður með ilmkerla sölu til styrktar góðs málefnis

Frábær tilboð á barnum allan daginn

AÐGANGUR ÓKEYPIS

Hlökkum til að sjá ykkur

Samkaup strax

Opnunartími um jól og áramót.

Fimmtudagur 21.des:	09:00-19:00
Föstudagur 22.des:	09:00-20:00
Þorláksmessa 23. desember	<u>10:00-22:00</u>
Aðfangadagur 24. desember	10:00-13:00
Jóladagur og annar í jólum	LOKAÐ
27-30. des:	09:00-19:00
31.desember Gamlársdagur	10:00-13:00
Nýársdagur 01.01.2017	LOKAÐ

JÓLAPÓSTKASSINN ER Á SÍNUM STAÐ

Frímerki eru seld í búðinni.

Munið helgartilboðin.

Bækur á tilboðsverði.

**Þökkum viðskiptin á árinu
sem er að líða.**


Jólakveðjur

Starfsfólk Samkaupa Strax á Flúðum.



**Hið árlega Jólakaffi sem Hótel Flúðir bjóða
eldriborgurum í Hrunamannahreppi uppá
verður fimmtudaginn 14 desember kl. 15:30
Við hlökkum til að taka á móti ykkur og
eiga með ykkur hátíðlega stund.**

Margrét og Guðmundur



Feðgar á ferð á DVD fyrir jólin + 16 þættir af Ísland í sumar

Feðgar á ferð eru skemmtilegir þættir sem sýndir hafa verið á Stöð 2 þrjú síðustu sumar. Í þáttunum heimsækja þeir feðgar, Magnús Hlynur Hreiðarsson, fréttamaður á Selfossi og Fannar Freyr Magnússon jákvætt og skemmtilegt fólk sem er á öllum aldri og hefur frá mörgum skemmtilegu að segja. **Jákvæðni og lífsgleði er mottó þáttanna.** Á nýja disknum eru þættirnir tíu sem sýndir voru sumarið 2017, auk sextán skemmtilegra innslaga frá Magnúsi Hlyni sem hann var líka með á Stöð 2 sumarið 2017 en þeir þættir hétu „Ísland í sumar“.

Nú gefst öllum tækifæri á á að sjá þættina, ekki síst þeim sem eru ekki áskrifendur á Stöð 2 og misstu því af Feðgum á ferð og Ísland í sumar. Tveir diskar eru í coverinu, annar með þáttunum tíu og hinn með innslögnum sextán.

Diskurinn er seldur í Bónus á Selfossi, Hveragerði og í Bónus Smáratorgi, ásamt Krónunni á Selfossi, í Nettó á Selfossi + Bókakaffinu hjá Bjarna Harðar á Selfossi. Það er líka hægt að panta diskinn og fá hann sendan heim í gegnum heimasíðuna www.fedgaraferd.is Flott tækifæris eða jólagjöf.





Flugeldasala



Björgunarfélagsins Eyvindar

Verður í húsi félagsins:

Fimmtudaginn	28. desember	kl. 13:00 - 22:00
Föstudaginn	29. desember	kl. 13:00 - 22:00
Laugardaginn	30. desember	kl. 13:00 - 22:00
Sunnudaginn	31. desember	kl. 10:00 - 16:00
föstudaginn	5. janúar	kl. 18:00 - 22:00
laugardaginn	6. janúar	kl. 18:00 - 20:00

**Minum á flugeldasýninguna sem verður
laugardaginn 6. janúar 2018 þá verður einnig brenna.**

Hægt verður að kaupa hlut í sýningunni á opnunartíma eða
leggja inn á okkur.

Við óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Með þökk fyrir stuðninginn á líðandi ári.

Björgunarfélagið Eyvindur

Kt:460100-2590 banki:0325-26-2590 bfeyvindur@simnet.is